

## 118. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 7. maí 2007 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.  
2. Önnur mál.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Skýrsla skólastjóra  
Próf standa nú sem hæst. Stigspróf voru 27. apríl og 5. maí (3 miðpróf og 4 grunnpróf) en í þessari viku eru allir aðrir í prófum. Tónfræðiprófin verða síðan í næstu viku.

Það sem er framundan:

11. maí, litla lúðrasveitin með tónleika á Leikskólanum.

17. maí, stóra og litla lúðrasveitin með tónleika í kirkjunni.

21. – 29. maí verður óhefðbundin kennsla eða samspil.

Skólaslit og lokatónleikar verða 30. maí.

Lúðrasveitin og trommusveitin tekur þátt í 17. júní hátíðarhöldunum.

Boð hefur borist frá FÍT að láta nemendur úr skólanum taka þátt í sumartónleikaröðinni ásamt Júlí kvartettinum (strengjakvartett) 24. júní.

Þar sem óklárt er með hvað Martin gerir næsta vetur var ákveðið á milli funda að fresta auglýsingu um stöðuna. Staðan skýrist í byrjun júní.

Reglugerð Tónlistarskólans hefur verið birt í stjórnartíðindum og hefur því tekið gildi.

2. Önnur mál.  
Kennarar og nemendur skólans tóku þátt í tónleikum vegna söfnunar í orgelsjóð 30. apríl s.l.

Skólanefnd leggur til að skólagjöld verði hækkuð um 3% á næsta skólaári.

Ekki hefur unnist tími til að vinna í skólastefnunni en vinna við hana hefst þegar um hægist.

Fundi slitið kl. 18.35.

Daði Jóhannesson (sign.),  
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.)